

2019

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 98/1991.

Jón Guðni Kristinsson

(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

gegn

Teiknistofunni Bankastræti 11 sf.

(Kristján Stefánsson hrl.)

Verksamningur. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars 1991. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur sínar verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er til áfrýjanda tekur, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi hefur Guðni Pálsson, annar eigenda stefnda, lýst aðdraganda að viðskiptum fyrirtækisins við áfrýjanda og Ragnheiði Óskarsdóttur. Hafi Ragnheiður haft samband við stefnda í september 1988 og óskað eftir teiknivinnu við breytingar á innréttingum verslunarinnar Blondie að Laugavegi 77. Nokkrum dögum síðar hafi áfrýjandi og Ragnheiður rætt við eigendur stefnda og óskað eftir, að þessi vinna yrði stöðvuð vegna ráðagerða þeirra um að opna verslun í nýbyggingu í Kringlunni nr. 4. Um 10. október hafi þau enn gefið sig fram og nú með óskir um hönnun þessa verslunarhúsnæðis í Kringlunni, þar sem þau hafi nú ákveðið að flytja verslunina þangað.

Þessi frásögn fær stoð í aðilaskýrslu Ragnheiðar Óskarsdóttur, þar sem vikið er að þætti áfrýjanda í skiptum þeirra við stefnda.

Guðni Pálsson kveðst fyrir hönd stefnda hafa tekið að sér verkið, eftir að hafa varað Ragnheiði og áfrýjanda við því, að mjög skammur tími væri til stefnu, þar eð opnun verslunarmiðstöðvarinnar í Kringlunni væri þegar ákveðin 1. desember sama ár. Hefur Guðni

borið, að eigendur teiknistofunnar hafi talið áfrýjanda vera meðeiganda að versluninni og að ekkert í framgöngu hans eða Ragnheiðar hafi gefið ástæðu til að ætla annað en svo væri.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, þykja eigendur stefnda hafa haft réttmæta ástæðu til að líta svo á, að verk þeirra væri unnið fyrir bæði áfrýjanda og Ragnheiði Óskarsdóttur. Er þá jafnframt til þess að líta, að umrædd verslun í Kringlunni var óskráð einkafyrirtæki.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms um aðrar sýknuástæður áfrýjanda en aðildarskort ber að staðfesta hann. Þá ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er tekur til áfrýjanda, Jóns Guðna Kristinssonar.

Áfrýjandi greiði stefnda, Teiknistofunni Bankastræti 11 sf., 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 8. júní 1989, af Teiknistofunni Bankastræti 11 sf., Reykjavík, kt. 410285-0459, gegn Jóni Guðna Kristinssyni, kt. 060158-7119, Dverghömrum 22, Reykjavík, og Ragnheiði Óskarsdóttur kaupkonu, kt. 140257-7619, Skipholti 14, Reykjavík, báðum persónulega og vegna óskráðra einkafyrirtækja þeirra, Blondie og Naf Naf.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til þess að greiða stefnanda in solidum 393.994,00 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda Jóns Guðna eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar.

Dómkröfur stefndu Ragnheiðar Óskarsdóttur eru þær aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður kröfur sínar byggjast á reikningum stefnanda, dags. 7. desember 1988, að eftirstöðvum að fjárhæð 393.994,00 kr. Reikningar þessir

séu til komnir vegna teiknivinnu stefnanda, sem stefndu hafi beðið um fyrir fyrirtæki þeirra, Blondie, að Laugavegi 77, Reykjavík, og verslunina NAF NAF í Kringlunni 4, Reykjavík. Hafi stefndu óskað eftir teiknivinnu um tillögur að innréttingum í versluninni Blondie, en í október 1988 hafi þau ákveðið að flytja verslunina í Kringluna 4 og opna hana þar 1. desember 1988, og hafi þau beðið stefnanda um tillögur að útliti og innréttingum þeirrar verslunar. Verkið hafi verið unnið í september, október, nóvember og desember 1988.

Starfsfólki stefnanda hafi gengið illa að fá stefndu til viðræðna, þar sem þau hafi oft ekki mætt til boðaðra funda fyrr en dögum seinna. Reikningar fyrir verkið hafi, að veittum 33% afslætti, numið 443.994,00 kr. Reikningarnir séu reistir á ýtarlegum tímaskýrslum og á útseldum töxtum arkitekta og útlögðum kostnaði. Ekki hafi verið samið fyrir fram um fast endurgjald fyrir verkið. Stefnandi hafi margsinnis farið fram á innborgun inn á verkið, og hafi stefndu 29. nóvember 1988 greitt 50.000,00 kr., sem færðar séu á reikninginn 7. desember sem innborgun.

Stefndu hafi slitið starfssamningi með símskeyti, dags. 12. desember 1988, en þá höfðu teikningar verið kynntar og verkinu nánast lokið.

Af hálfu stefndu er málsatvikum lýst svo, að teiknistofa stefnanda hafi tekið að sér teiknivinnu við innréttingu í versluninni Blondie, sem hlutafélagið Huld hf. hafi rekið. Stuttu síðar, í byrjun október, hafi verið ákveðið að hætta við teiknivinnu fyrir verslunina Blondie, en stefnandi tekið að sér að sjá um teikningar að útliti og uppsetningu innréttinga fyrir hina nýju verslun Ragnheiðar, sem opna átti í Kringlunni 4, Reykjavík. Auk þess sem stefnandi átti að hanna útlit verslunarinnar og nokkuð af innréttingum, hafi stefnandi einnig átt að sjá um skipulag innréttinga, sem pantaðar hafi verið frá NAF NAF í Frakklandi, og ákveða, hversu marga hluti í innréttinguna þyrfti að panta frá því fyrirtæki. Hafi verið áformað að opna verslunina eigi síðar en 1. desember 1988. Umsamið verð fyrir vinnu stefnanda hafi verið 180.000,00 kr. til 220.000,00 kr.

Þar sem verslunina hafi átt að opna í byrjun desember, hafi átt að skila vinnuteikningum, sem iðnaðarmenn gætu unnið eftir, í nóvember. Fullbúnar vinnuteikningar hafi hins vegar aldrei borist, heldur aðeins grunnteikningar eða grófar yfirlitsmyndir, sem borist hafi allt of seint. Þær teikningar, sem afhentar hafi verið málsett, hafi flestar verið rangar, og hafi iðnaðarmenn aðeins unnið eftir þeim að litlu leyti. Grunnmynd, sem gerð var, hafi verið ónothæf að miklum hluta, þar sem m. a. hafi þurft að breyta allri skipan baka til í versluninni. Þar sem þær teikningar, sem bárust frá stefnanda, hafi reynst ónothæfar að mestum hluta, hafi iðnaðarmenn, sem unnu

við uppsetningu verslunarinnar, sjálfir orðið að breyta og endurhanna það, sem ónothæft reyndist. Vegna slægrar framkomu starfsmanna stefnanda hafi stefnanda verið sagt upp störfum 3. desember 1988, og hafi tekist með hjálp iðnaðarmanna að ljúka verkinu 10. desember 1988.

Pegar innréttingar frá NAF NAF bárust, hafi fjöldi þeirra hluta í innréttingarnar, sem pantaðar voru, reynst rangur, svo að bíða þurfti eftir réttum hlutum að utan, og hafi þessi mistalning ásamt röngum og of seint fram komnum teikningum stefnanda tafið opnun verslunarinnar fram til 10. desember 1988, sem þýtt hafi, að verslunin NAF NAF hafi verið lokuð fyrstu 10 dagana, sem verslunarmiðstöðin Kringlan 4 var opin, en þann tíma hafi einmitt verið óhemjumikil umferð og verslun þar vegna mikillar kynningar í sambandi við opnunina, en verslunarmiðstöðin hafi verið opnuð 1. desember 1988.

Stefnandi hafi séð um teikningu og efnisval í „glerfront“ verslunarinnar. Umræddur „glerfrontur“ sé um það bil 15 m² kassalaga glerveggur, sem halli fram að ofanverðu. Í þennan glervegg hafi stefnandi valið þunnt, einfalt, venjulegt rúðugler, sem varla hafi staðið undir sér sjálft og hefði reynst hættulegt. Er það var sett upp, hafi málin reynst röng, svo að glerið passaði ekki eins og til hafi verið ætlast. Þar sem málin hafi reynst röng og glerið ekki nægilega öruggt í umræddan glervegg, hafi því orðið að setja í nýtt gler, 11 mm þykkt öryggisgler, sem trésmiðir hefðu tekið rétt mál fyrir.

Sýknukröfu sína styður stefndi Jón Guðni þeim rökum, að hann sé ekki réttur aðili þessa máls. Að því er varðar þann hluta stefnufjárhæðar, sem er vegna verslunarinnar Blondie, sé þess að geta, að hlutafélagið Huld hafi rekið þá verslun, en Jón Guðni sé aðeins einn hluthafa þess félags. Þá sé rekstur NAF NAF í Kringlunni 4 Jóni Guðna óviðkomandi, en sú verslun sé óskráð einkafyrirtæki Ragnheiðar. Af hálfu Ragnheiðar var í greinargerð byggt á þeirri málsástæðu, að reikning vegna Blondie eigi að greiða af Huld hf., en við munnlegan málflutning var fallið frá þeirri málsástæðu og því lýst yfir af hálfu beggja stefndu, að ekki væri gerður ágreiningur um reikning fyrir teiknivinnu vegna verslunarinnar Blondie.

Þá er sýknukrafa stefndu enn fremur studd þeim rökum, að þeim sé óskýlt að greiða nokkuð til stefnanda, þar sem þau eigi bótakröfu á stefnanda vegna umræddrar teikni- og hönnunarvinnu, seinkunar, illa unninna teikninga og annarra mistaka stefnanda við verkið, sem leitt hafi til þess, að dráttur varð á opnun verslunarinnar. Leggja hafi þurft út í aukin efniskaup, iðnaðarmenn hafi orðið að breyta og endurhanna það, sem ónothæft reyndist, og mikill hluti þeirrar vinnu hafi verið unninn í næturvinnu með miklum aukakostnaði.

Krafa, sem stefndu geri vegna rangrar pöntunar á gleri, nemi 63.303,00 kr. auk vaxta skv. 10. gr. vaxtalaga frá 7. desember 1988. Krafa, sem stefndu geri vegna seinkunar á opnun verslunarinnar, reiknist þannig, miðað við, að sala hafi tapast 7 verslunardaga: brúttósala 150.000,00 kr. á dag og nettóhagnaður 35% þar af, 52.500,00 kr. á dag í sjö daga, samtals 367.550,00 kr. auk vaxta skv. 10. gr. vaxtalaga frá 7. desember 1988. Þess er einungis krafist, að bótakrafa stefndu verði notuð til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda, að nægi til sýknu, en til vara lækkunar á stefnukröfum.

Reikningsgerð stefnanda á grundvelli tímaskýrslna og texta arkítekta sé mótmælt sem allt of hárrí, enda hafi verið samið um fast verð fyrir verkið, 180.000,00 kr. til 220.000,00 kr. Þá beri tímaskýrslur ekki með sér, í hverju vinnan var fólgin.

Niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfur sínar á tveimur reikningum. Er annar reikningurinn fyrir teiknivinnu við innréttingu á versluninni Blondie, 29.092,00 kr. Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefndu yfir því, svo sem áður er rakið, að af hálfu stefndu væri ekki gerður ágreiningur um þann reikning. Hinn reikningurinn er fyrir teiknivinnu við innréttingu á versluninni NAF NAF, og er hann að fjárhæð 414.592,00 kr. Af hálfu stefnda Jóns Guðna er því haldið fram, að honum beri ekki að greiða þann reikning, þar sem hann sé ekki réttur aðili að máli þessu.

Upplýst er, að stefndi Jón Guðni samdi ekki í upphafi við stefnanda um teiknivinnu við innréttingar á versluninni NAF NAF, heldur einungis stefnda Ragnheiður. Hins vegar er upplýst, að Jón Guðni tók síðar þátt í vinnufundum með starfsfólki stefnanda, og samkvæmt framburði hans fyrir dómi var hann verkstjóri yfir framkvæmdum í versluninni. Þá er einnig upplýst, að stefnendum var ekki sérstaklega gerð grein fyrir því, hver staða Jóns Guðna væri í samskiptum aðila. Þykir þetta styðja framburð stefnanda Guðna Pálssonar um, að starfsfólk stefnanda hafi litið svo á, að Jón Guðni væri eigandi verslunarinnar.

Þrátt fyrir fullyrðingar stefnda Jóns Guðna um, að hann hafi ekki verið aðili að þeim samningi, er gerður var við stefnanda, ber símskeyti, er stefnanda var sent 12. desember 1988, með sér, að stefndi Jón Guðni hefur litið svo á, að hann væri til þess bær að segja slíkum samningi upp, en í símskeyti þessu, sem undirritað er af báðum stefndu, segir m.a.: „Hér með tilkynnist yður formlega, að samkvæmt símtali við yður laugardaginn 3.12.88 var yður sagt upp störfum sem arkitekt við verslunina NAF-NAF. . .“ Þá segir einnig í nefndu símskeyti: „Sjáum við okkur ekki annað fært en hefja mál-

sókn á hendur yður vegna mikils fjárhagslegs tjóns, sem við höfum orðið fyrir vegna vanrækslu yðar í starfi.“

Þegar framanritað er virt svo og litið til þess, að stefndi hefur uppi gagnkröfur til skuldajafnaðar í málinu, sem væri hann aðili að samningi þeim, sem um er deilt í máli þessu, þykir stefndi verða að bera sönnunarbyrðina fyrir því, að hann hafi ekki verið eigandi verslunarinnar NAF NAF á umræddum tíma og ekki verið aðili að þeim samningi, er gerður var við stefnanda um teiknivinnu vegna verslunarinnar. Þar sem slík sönnun hefur eigi tekist, verður að telja, að kröfum stefnanda sé réttilega beint að stefnda Jóni Guðna í máli þessu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að vegna illa unninna teikninga stefnanda og annarra mistaka hafi dráttur orðið á opnun verslunarinnar.

Gegn andmælum stefnanda verður að telja ósannað, að samið hafi verið um það milli málsaðila, að teiknivinnu stefnanda skyldi lokið fyrir einhvern tilskilinn tíma. Þá þykir ekki sýnt fram á af hálfu stefndu, að verkinu hafi ekki miðað áfram með eðlilegum hætti.

Óðinn Gunnsteinn Gunnarsson járnsmiður var hinn eini af þeim iðnaðar mönnum, er unnu við framkvæmd verksins, sem bar vitni fyrir dóminum. Bar hann, að teikningar stefnanda væru vel málsettar, skýrar og greinilegar. Með hliðsjón af framburði hans og þeim teikningum, sem fram hafa verið lagðar í málinu og eru endanlegar teikningar stefnanda, þykir ósannað, að þær séu illa unnar, og þykir ekkert það hafa komið fram, er styðji fullyrðingar stefndu um slíkt. Þá hefur ekki verið sýnt fram á einhver þau mistök við vinnu stefnanda, er leitt hafi til þess, að dráttur varð á opnun verslunarinnar.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að þau eigi gagnkröfu til skuldajafnaðar, að fjárhæð 367.500,00 kr., vegna seinkunar á opnun verslunarinnar. Með vísan til þess, sem áður er rakið, þykja ekki efni til að taka þessa kröfu til greina, enda er krafan með öllu örökstudd.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að samið hafi verið um fast verð fyrir verkið, en gegn andmælum stefnanda verður að telja þá fullyrðingu ósannaða. Þá hefur ekkert komið fram, er styðji það, að tímaskýrslur eða tíma kaup arkitektanna hafi ekki verið með eðlilegum hætti. Þá þykir ekki sýnt fram á, að tímafjöldi sé óeðlilegur miðað við þá vinnu, er stefnandi innti af hendi. Þykir því ekki sýnt fram á það í málinu, að reikningur stefnanda sé bersýnilega ósanngjarn.

Þá er af hálfu stefndu gerð gagnkrafa til skuldajafnaðar vegna rangrar þöntunar á gleri í glervegg verslunarinnar. Af hálfu stefnanda er því ekki mótmælt, að starfsmenn stefnanda hafi mælt og tekið þátt í að velja það

gler, sem var sett í glervegg verslunarinnar. Hefur Guðni Pálsson borið, að í þennan glervegg hafi verið valið þykkasta gler, sem völ var á. Upplýst er, að umrætt gler var 10 mm einfalt gler, og er óumdeilt í málinu, að notkun slíks glers brýtur ekki í bága við byggingarreglugerð.

Pótt fallast megi á, að öruggara hefði verið að nota öryggisgler í umræddan glervegg, verður að telja ósannaða þá fullyrðingu stefndu, að umrætt gler hafi ekki verið nægilega öruggt. Fullyrðing stefndu um ranga málsetningu á glerinu telst ósönnuð. Þykja stefndu ekki hafa sýnt fram á skaðabótaábyrgð stefnanda í þessu tilviki, og eru því ekki efni til að taka þessa kröfu stefndu til greina.

Niðurstaða málsins er því sú, að dæma ber stefndu til að greiða umstefnda reikninga, sem að frádreginni innborgun, 50.000,00 kr., nema 393.684,00 kr. ásamt umkröfðum vöxtum.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 95.000,00 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ragnari G. Ingimarssyni prófessor og Halli Kristvinnsyni innanhússarkítekt.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómsformanns.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jón Guðni Kristinsson og Ragnheiður Óskarsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Teiknistofunni Bankastræti 11 sf., 393.684,00 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. desember 1988 til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. desember 1989, og 95.000,00 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggjast við málskostnaðarfjárhæðina á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
